

Upplýsingatækni og netnotkun fyrirtækja 2012

Information and communication technology in enterprises 2012

Samantekt

Tölvur og nettengingar eru á 99% íslenskra fyrirtækja með 10 eða fleiri starfsmenn. Fyrirtækjum með eigin vefsíður, eða vefsetur, hefur fjölgað frá árinu 2010 og eru nú 85% fyrirtækja með 10 eða fleiri starfsmenn. 27% fyrirtækja af þeirri stærð eru með starfandi sérfræðing í upplýsingatækni og 64% nettengdra fyrirtækja veita starfsfólki þráðlaus tæki til að tengjast neti utan vinnustaða. Þráðlaus tæki til að tengjast neti utan vinnustaða var sérstakt viðfangsefni rannsóknar Hagstofu Íslands á tölvu- og netnotkun fyrirtækja. Í Hagtíðindaheftinu er farið lauslega yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Ítarlegri upplýsingar er að finna í veftöflum á vef Hagstofunnar undir efnisliðnum *Upplýsingatækni*.

Inngangur

Samræmd könnun á EES- svæðinu

Rannsóknir á netnotkun fyrirtækja og einstaklinga eru framkvæmdar árlega í ríkjum EES. Rannsókn fyrirtækja hefur verið framkvæmd annað hvert ár á Íslandi frá árinu 2006, auk þess að hafa verið framkvæmd í fyrsta skiptið á vegum Hagstofu Íslands árið 2003. Rannsóknin er gerð í samvinnu við Hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, og eru niðurstöður því samanburðarhæfar við rannsóknir gerðar í öðrum löndum innan EES. Sérstakt viðfangsefni rannsóknarinnar í ár var notkun á þráðlausum tækjum til að tengjast veraldarvefnum. Viðmiðunartími spurninga um tæknibúnað og netnotkun fyrirtækja er janúar 2012, en viðmiðunartími spurninga um rafræn viðskipti og notkun á þráðlausum tækjum til að tengjast netinu er almanaksárið 2011.

Úrtak og heimtur

Rannsóknin var gerð meðal fyrirtækja í neðangreindum atvinnugreinum sem höfðu að lágmarki 10 starfsmenn á launaskrá árið 2012. Var heildarfjöldi þessara fyrirtækja í íslensku atvinnulífi 1540 og samanstóð úrtakið af 851 fyrirtækjum. Féllu 14% þeirra utan þýðis og var svarhlutfall miðað við eftirstandandi fyrirtæki 83%. Rannsóknin náði til fyrirtækja í eftirfarandi atvinnugreinum samkvæmt *Íslenskri atvinnugreinaflokkun* (ÍSAT2008):

- 10–39 Framleiðsla og veitur
- 41–43 Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð
- 45–47 Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum
- 49–53 Flutningur og geymsla
- 55–56 Rekstur gististaða og veitingarekstur
- 58–63 Upplýsingar og fjarskipti
- 68–82, 95.1 Sérfræðileg starfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta.



Tafla 1. Úrtak og svörun
Table 1. Sample and response rate

	Fjöldi í úrtaki <i>Sample size</i>	Utan þýðis <i>Out of scope</i>	Fjöldi svara <i>Number of responses</i>	Svarhlutfall <i>Response rate</i>
Alls Total	851	118	610	83
Atvinnugrein (ÍSAT2008)				
<i>Field of activity (Nace Rev. 2)</i>				
10–39	223	18	183	89
41–43	76	11	51	78
45–47	194	33	132	82
49–53	50	6	41	93
55–56	138	28	80	73
58–63	62	7	51	93
68–82	108	15	72	77
Fjöldi starfsmanna				
<i>Number of employees</i>				
10–19	413	94	253	79
20–49	226	15	178	84
50–99	101	5	82	85
100+	111	4	97	91

Síðasta rannsókn, árið 2010, var einnig lögð fyrir fjármálafyrirtæki og eru heildarhlutföll allra fyrirtækja í rannsókninni því ekki sambærileg á milli árunna eins og þau birtast í vefstöflum á vefsíðu Hagstofunnar. Þar sem vitnað er í samanburð á heildarhlutföllunum í heftinu hér er búið að endurreikna niðurstöðurnar 2010 án fjármálafyrirtækja.

Nettækninýting fyrirtækja

*Tæpur þriðjungur íslenskra
fyrirtækja tekur við pöntunum í
gegnum netið*

Öll fyrirtæki í flestum þeim atvinnugreinum sem rannsóknin náði yfir nota tölvur og eru með nettengingu. Tölvu- og netnotkun er þó ekki alstaðar í rekstri gististaða og veitingarekstri, né heldur í starfsemi heild- smásöluverslun og viðgerðir. Er heildarfjöldi fyrirtækja sem nota tölvur og net því 99%.

Fyrirtækjum sem halda úti eigin vefsíðum, eða vefsetrum, hefur fjölgað frá árinu 2010 í allri þeirri starfsemi sem rannsóknin nær yfir. Rúm 85% fyrirtækja hafa eigin vefsíðu, eða vefsetur, til samanburðar við tæp 79% árið 2010. Mesta hlutfallslega fjölgunin er í byggingar- og mannvirkjagerð, 69% til samanburðar við rúmlega 57% árið 2010. Jafnframt hefur fyrirtækjum í þessari starfsemi fækkað, eins og lesa má út úr fjölda fyrirtækja í úrtakinu 2012 til samanburðar við úrtakið 2010.

Af möguleikum á vefsíðum fyrirtækja eru 80% þeirra fyrirtækja sem hafa vefsíðu með verð- eða vörulista á þeim, til samanburðar við 64% árið 2010. 38% eru með auglýsingar um laus störf á vefsíðunum, til samanburðar við 34% árið 2010. Fjölgun hefur einnig orðið á meðal fyrirtækja sem taka við pöntunum í gegnum netið, sem á nú við um tæp 31% fyrirtækja til samanburðar við 21% árið 2010.

Hvað aðra nettækninýtingu varðar nota nú 52% rafræn gagnaskipti, til samanburðar við 36% í fyrri rannsókn og rúmlega 15% deila nú upplýsingum um framboðs- stýringu rafrænt með birgjum eða viðskiptavinum, til samanburðar við rúmlega 7%

árið 2010. Notkun fyrirtækja á ýmsum hugbúnaði hefur einnig aukist, 41% nota nú bókhaldsbúnað þegar fyrirtæki berast pantanir, til samanburðar við 33% árið 2010.

27% fyrirtækja eru með starfandi sérfræðing á sviði upplýsingatækni. Algengast er að fyrirtæki á sviði upplýsinga og fjarskipta séu með starfandi sérfræðing í upplýsingatækni og höfðu tæp 41% fyrirtækja á því sviði verið með lausa stöðu UT-sérfræðings á árinu 2011 sem erfiðlega gekk að ráða í sökum sérhæfingar. Átti það einnig við hjá tæpum 7% fyrirtækja í flutningi og geymslu, en tæplega 36% fyrirtækja í þeirri starfsemi eru með starfandi sérfræðing í upplýsingatækni. 25% fyrirtækja buðu upp á þjálfun eða endurmenntun í upplýsingatækni fyrir starfsfólk almennt og rúm 14% buðu upp á þjálfun eða endurmenntun fyrir sérfræðinga í upplýsingatækni.

Tveir þriðju hlutar íslenskra fyrirtækja útvega starfsfólki þráðlaus tæki til að tengast netinu utan vinnu

Starfsfólki er veitt fjartenging að gögnum hjá 72% íslenskra fyrirtækja. Hjá rúmlega 64% fyrirtækja er starfsfólki útvegað þráðlaus tæki til að tengjast netinu utan vinnustaða (rúmlega 57% fyrirtækja með 10–19 starfsmenn, rúmlega 77% fyrirtækja með 20–49 starfsmenn, rúmlega 89% fyrirtækja með 50–99 starfsmenn og 99% fyrirtækja með 100 starfsmenn eða fleiri). Eru það fartölvur eða spjaldtölvur hjá 58% fyrirtækja og önnur þráðlaus tæki hjá tæplega 50% fyrirtækja.

English Summary

Computers and internet access are in 99% of enterprises in Iceland with 10 or more persons employed. The number of enterprises with websites has increased from the year 2010 and are now 85% of enterprises with 10 or more persons employed. 27% enterprises in that size range employ a IT/ICT specialist and 64% of connected enterprises provide wireless devices for connecting to the internet outside of workplaces. Wireless devices for connecting to the internet outside of work places was a special subject of the research of Statistics Iceland on the use of computers and the internet by enterprises. This publication includes a brief outline of the main results of the survey. More detailed statistics can be found on the website of Statistics Iceland under the heading *Information Technology*.

Tafla 2. Fyrirtæki með eigin vefsíður, eða vefsetur, 2010 og 2012*Table 2. Enterprises with own webpages 2010 and 2012*

Hlutfall af nettengdum fyrirtækjum <i>Percent of connected enterprises</i>	2010	2012
Alls Total	78,9	85,2
Atvinnugrein (ÍSAT2008), fyrirtæki með lágmark 10 starfsmenn		
Field of activity (Nace Rev. 2), enterprises with at least 10 persons employed		
(10–39) Framleiðsla og veitur <i>Manufacturing and supply</i>	73,6	78,3
(41–43) Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	57,2	69,2
(45–47) Heild- og smásöluverslun, viðgerðir <i>Wholesale and retail, repair</i>	81,2	87,4
(49–53) Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	86,1	88,4
(55–56) Gististaðir, veitingar <i>Accommodation and food service</i>	81,9	89,7
(58–63) Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	92,4	96,0
(68–82) Sérfræðileg starfsemi, sérhæfð þjónusta <i>Specialised services</i>	93,8	95,8
Fjöldi starfsmanna <i>Number of employees</i>		
10–19	72,9	77,3
20–49	80,0	90,1
50–99	92,2	92,0
100+	96,5	96,8

Tafla 3. Upplýsingatæknisvið fyrirtækja 2012Table 3. *ICT/IT units of enterprises 2012*

Hlutfall af fyrirtækjum <i>Percent of enterprises</i>	Með starfandi UT sérfræðing <i>Employing ICT/IT specialist</i>	Með hjálfun/ endurmenntun í UT fyrir starfsfólk <i>Providing training of ICT-skills for personnel</i>	Með lausa stöðu UT sérfræðings á árinu 2011 sem erfiðlega gekk að ráða í sökum sérhæfingar <i>Having a hard-to-fill vacancy of ICT/IT specialist in 2011</i>
Alls Total	27,1	25,2	5,0
Atvinnugrein (ÍSAT2008), fyrirtæki með lágmark 10 starfsmenn			
Field of activity (Nace Rev. 2), enterprises with at least 10 persons employed			
(10–39) Framleiðsla og veitur <i>Manufacturing and supply</i>	17,3	22,0	1,0
(41–43) Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	11,8	19,0	2,1
(45–47) Heild- og smásöluverslun, viðgerðir <i>Wholesale and retail, repair</i>	34,5	30,0	3,5
(49–53) Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	35,6	38,6	6,6
(55–56) Gististaðir, veitingar <i>Accommodation and food service</i>	9,1	9,7	0,0
(58–63) Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	80,2	50,2	40,7
(68–82) Sérfræðileg starfsemi, sérhæfð þjónusta <i>Specialised services</i>	39,5	30,4	6,1
Fjöldi starfsmanna <i>Number of employees</i>			
10–19	14,9	15,7	2,5
20–49	22,0	23,5	4,9
50–99	44,2	40,6	7,3
100+	76,4	54,7	13,6

Tafla 4. Notkun starfsfólks á þráðlausum tækjum til að sinna vinnu utan vinnustaða árið 2012
Table 4. Personnel's use of wireless devices for work outside of work places in 2012

Hlutfall af nettengdum fyrirtækjum <i>Percent of connected enterprises</i>	Starfsfólki útveguð fjartenging að gögnum <i>Personnel provided with remote access to data</i>	Starfsfólki útveguð þráðlaus tæki til að tengjast <i>Personnel provided wireless devices to connect</i>
Alls Total	71,9	64,3
Atvinnugrein (ÍSAT2008), fyrirtæki með lágmark 10 starfsmenn <i>Field of activity (Nace Rev. 2), enterprises with at least 10 persons employed</i>		
(10–39) Framleiðsla og veitur <i>Manufacturing and supply</i>	69,7	62,2
(41–43) Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i>	57,4	38,4
(45–47) Heild- og smásöluverslun, viðgerðir <i>Wholesale and retail, repair</i>	80,1	71,1
(49–53) Flutningur og geymsla <i>Transportation and storage</i>	80,4	80,4
(55–56) Gististaðir, veitingar <i>Accommodation and food service</i>	51,5	49,2
(58–63) Upplýsingar og fjarskipti <i>Information and communication</i>	95,0	88,6
(68–82) Sérfræðileg starfsemi, sérhæfð þjónusta <i>Specialised services</i>	85,0	78,2
Fjöldi starfsmanna <i>Number of employees</i>		
10–19	57,4	50,4
20–49	77,4	67,4
50–99	89,3	83,7
100+	99,0	93,4

Starfsfólki útvegaðar fartölvur eða spjaldtölvur til að tengjast <i>Personnel provided laptops or tablets to connect</i>	Starfsfólki útveguð önnur þráðlaus tæki til að tengjast <i>Personnel provided other wireless devices to connect</i>	1–10% starfsmanna útveguð þráðlaus tæki <i>1–10% pers. employed provided wireless device</i>	11–49% starfsmanna útveguð þráðlaus tæki <i>11–49% pers. empl- oyed provi- ded wire- less device</i>	50–100% starfsmanna útveguð þráðlaus tæki <i>50–100% pers. empl- oyed provi- ded wire- less device</i>
58,3	49,6	18,8	32,5	12,9
53,7	48,3	25,9	29,7	6,6
34,8	25,1	8,7	24,5	5,2
66,4	56,7	14,8	43,3	13,1
77,5	60,3	27,4	44,3	8,7
43,0	28,1	24,5	23,6	1,1
86,1	82,6	7,4	20,4	60,8
70,9	66,1	14,6	38,8	24,8
42,0	35,4	7,6	30,3	12,5
62,9	50,6	19,0	35,9	12,5
78,1	73,7	38,4	33,6	11,8
93,4	81,5	45,6	30,6	17,2

Hagtiðindi **Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni**
Statistical Series ***Tourism, transport and IT***

97. árg. • 34. tbl.

ISSN 0019-1078

2012:3 (Leiðrétt útgáfa 12. október 2012 *Corrected version 12 October 2012*)

ISSN 1670-4576 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4584 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Árni Fannar Sigurðsson • arni.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*